

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með breytingu nr. 246/2011, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.270 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 3.560 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Breyting þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 14. desember 2015.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.